



Dalabyggð

Reglur

um styrktarlínur og auglýsingar

1.gr. Réttur

Umsækjendur geta verið lögráða einstaklingar, félagasamtök, stofnanir eða fyrirtæki sem koma að menningar-, íþróttar-, ungmenna- eða útgáfustarfi í Dalabyggð.

2.gr. Upphæð

Í fjárhagsáætlun skal tilgreina þá heildarupphæð sem heimilt er að úthluta í styrkjum. Styrkur Dalabyggðar til einstaka umsækjenda getur almennt ekki verið hærri en 50.000 kr., en sveitarstjórn getur breytt því hámarki við gerð fjárhagsáætlunar.

3.gr. Umsóknir

Tekið er við umsóknum um styrktarlínur og auglýsinga allt árið. Hægt er að skila inn umsókn með tölvupósti á dalir@dalir.is eða á skrifstofu sveitarfélagsins í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar að Miðbraut 11, 370 Búðardal. Með umsókn þarf að fylgja lýsing á verkefni, hvar það er unnið og hver sé ábygdamaður þess. Ekki er hægt að sækja styrk á þennan hátt til verkefnis sem þegar er lokið eða unnið er utan Dalabyggðar. Sveitarstjóri fer með ákvörðun um samþykki umsókna og skal svar berast innan tveggja vikna frá skilum umsókna.

4.gr. Lok verkefnis

Umsækjendur sem fá umsókn samþykkt þurfa að skila inn sönnun fyrir birtingu styrktarlínu eða auglýsingar til skrifstofu sveitarfélagsins eigi síðar en tveimur vikum eftir að verkefni lýkur.

Samþykkt á 242. fundi byggðarráðs 26. mars 2020.

Samþykkt á 190. fundi sveitarstjórnar 2. apríl 2020.

Dalabyggð 14. apríl 2020

Kristján Sturluson
sveitarstjóri

